

Reglur

fyrir Siðfræðistofnun Háskóla Íslands

1. gr.

Almennt

Siðfræðistofnun Háskóla Íslands er sjálfstæð rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem er meðal annars vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði siðfræði. Stofnunin hefur heimilisfesti á Hugvísindasviði Háskóla Íslands og starfar innan vébanda Hugvísindastofnunar.

2. gr.

Hlutverk

Hlutverk Siðfræðistofnunar er:

- að efla og samhæfa rannsóknir í siðfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og aðra rannsóknaraðila á sviði siðfræði,
- að gefa út fræðirit, námsefni og kynna niðurstöður rannsókna í siðfræði,
- að veita upplýsingar og ráðgjöf um siðfræðileg efni,
- að sinna stjórnslu vegna námskeiða sem deildir bjóða fram sem hluta af þverfaglegu námi í siðfræði, einkum til meistaraþrófs,
- að treysta samvinnu milli deilda í þágu þverfaglegs náms og efla skilning á þeim hagsmunum sem náminu tengjast,
- að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum um siðfræði.

3. gr.

Aðstaða

Hugvísindastofnun lætur stofnuninni og starfsfólki hennar í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er. Siðfræðistofnun á aðild að sameiginlegu húsnæði Hugvísindastofnunar.

4. gr.

Stjórn

Námsbraut í heimspeki, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og kirkjuráð þjóðkirkjunnar tilnefna tvo einstaklinga hver, karl og konu, í stjórn Siðfræðistofnunar. Forseti Hugvísindasviðs skipar fjóra stjórnarmenn úr þessum hópi til þriggja ára og fimmta stjórnarmann án tilnefningar. Í stjórn skulu sitja bæði karlar og konur og skal þess gætt að hlutfall hvors kyns sé ekki minna en 40%, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Sá tilnefndi aðili sem ekki er skipaður í stjórn er varafulltrúi þess sem tilnefnir. Stjórn skiptir með sér verkum en skulu formaður og varaformaður stjórnar vera úr hópi fastra kennara Hugvísindasviðs. Sé ekki ráðinn forstöðumaður við stofnunina kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar, annast daglegan rekstur hennar og framkvæmd á ákvörðunum stjórnar. Formaður stjórnar situr fyrir hönd Siðfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar.

5. gr.

Stjórnarfundir

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréfluga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar. Skyld er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti hugvísindasviðs ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundir ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta Hugvísindasviðs og forsetum þeirra deilda og forstöðumönnum þeirra stofnana sem aðild eiga að stjórn.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Verkefni stjórnar

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina, setur henni stefnu og veitir fé til einstakra rannsóknarverkefna. Þá ber stjórnin ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart forseta Hugvísindasviðs og stjórn Hugvísindastofnunar og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar. Stjórnin efnir til ársfundar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjárhagsáætlun næsta árs ef því er að skipta. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi Siðfræðistofnunar, nýjungar í fræðunum og um rannsóknastefnu. Ársfund skal að jafnaði halda á haustmánuðum.

7. gr.

Þverfaglegt nám

Stofnunin tekur að sér stjórnsýslulega umsjón með þverfaglegu námi í siðfræði, hvort heldur er grunn- eða framhaldsnám. Byggist það starf á samningi við þær háskóladeildir eða aðra háskóla sem bera faglega ábyrgð á náminu og skipuleggja það í samvinnu við. Leitast skal við að taka tillit til sérstöðu hins þverfaglega náms við inntöku nemenda og önnur atriði við framkvæmd samnings. Um inntöku í námið og skráningu gilda reglur þeirrar deildar þar sem rannsóknarverkefni (ritgerð) er unnið eða meginhluti náms fer fram. Nemendur skulu skráðir í þá deild þar sem rannsóknarverkefni (ritgerð) er unnið eða meginhluti náms fer fram og brautskráðir þaðan.

Siðfræðistofnun hefur umsjón með skipulagi námsins, en heimilt er að skipa sérstaka stjórnarnefnd í þessum tilgangi. Fari stjórnarnefnd með skipulag námsins skulu í henni sitja fulltrúar þeirra deilda sem koma að náminu, og skulu þeir vera fastir kennarar við viðkomandi deildir.

Í umsjón með skipulagi námsins felst að hafa milligöngu um samninga við deildir um uppbyggingu og framkvæmd þverfaglegs náms og fylgjast með því að samræmi sé í kröfum og ábyrgð deilda hvað varðar námsframboð. Ennfremur að hafa yfirsýn yfir framboð námskeiða í hinu þverfaglega námi sem og að hafa á reiðum höndum skrá yfir þá nemendur sem teknir eru í námið og setja sig í samband við þá um skipulag námsins ef þörf krefur.

8. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn

Forseti hugvísindasviðs ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar, sbr. 6. tölul. 4. mgr. 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands. Forseti hugvísindasviðs setur forstöðumanni erindisbréf.

Skal sá sem ráðinn er forstöðumaður að lágmarki hafa meistaraþátt eða annað sambærilegt háskólapróf en doktorsgráða er æskileg.

Forstöðumaður vinnur að rannsóknum á sviði siðfræði:

- a. með eigin rannsóknum,

- b. með umsóknum og þátttöku í innlendum, norrænum og evrópskum rannsóknaráætlunum,
- c. með því að hvetja til rannsókna á ofangreindu sviði.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar, sér um áætlanagerð og fjáröflun og samræmir fjáröflunarleiðir. Forstöðumaður sér enn fremur um framkvæmd á öðrum þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer forstöðumaður með ráðningarmálið, að höfðu samráði við forseta Hugvísindasviðs og stjórnarformann Siðfræðistofnunar.

9. gr.

Fjármál

Tekjur Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. framlag frá Hugvísindastofnun sem stjórn ákveður hverju sinni,
- b. framlag frá þeim sem aðild eiga að stjórn stofnunarinnar,
- c. styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. tekjur af útgáfustarfsemi,
- f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Sé um að ræða styrki til einstakra verkefna eða greiðslur fyrir þjónustustarfsemi ber að gæta þess að ekki skapist hætta á hagsmunaárekstrum og skal stjórn Siðfræðistofnunar meta það hverju sinni.

Fjárhagsáætlun skal lögð fyrir forseta hugvísindasviðs til samþykktar. Stofnunin nýtur þjónustu Hugvísindastofnunar við rekstur samkvæmt samkomulagi forstöðumanns Siðfræðistofnunar og stjórnarformanns Hugvísindastofnunar hverju sinni.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem stjórn Hugvísindastofnunar hefur sett að fengnu samþykki stjórnar hugvísindasviðs, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglna um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands nr. 1022/2009, taka gildi 1. október 2010. Um leið falla úr gildi eldri reglur. Núverandi stjórn stofnunarinnar sem skipuð var skv. eldri reglum heldur umboði sínu og starfar í samræmi við ákvæði í þessum reglum fram að næsta ársfundi.

Við breytingar á reglum þessum skal haft samráð við rektor.